

1 smiðju, munu verða látnar í tje fjelagi því, er til stofnunar klæðaverksmiðju fær
13. jan. lán af viðlagasjóði samkvæmt heimild þeirri, er þar til er veitt í nógildandi fjárlögum.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

2 **Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vestur-**
4. febr. **amtinu um flutning þingstaðar Dyrhólahrepps.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi yðar, dagsettu 25. f. m., meðmælum hlutadeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Dyrhólahreppi í Vesturskaptafellssýslu, vil eg hjer með veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Loptsalabelli að Vatnsskarðshólum, gegn því að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

3

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Kristjáns konungs hins Níunda frá 1. september 1900 til 31. desember 1901.

Tekjur:

1. Eign sjóðsins 1. september 1900 (Stj.tíð. 1900, B. 224. bls.		
a. Innritunarskírteini ltra A. fol. 84	kr. 8600,00	
b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum.	— 1014,63	kr. 9614,63
2. Ársvextir af innstæðu sjóðsins:		
a. af innritunarskírteini til $11/12$ '00 og til $11/6$ og $11/12$ '01 —	451,50	
b. af innstæðu í landsbankanum til $31/12$ '00 og '01 —	83,07	— 534,57
		Samtals kr. 10149,20

Útgjöld:

1. Heiðursgjafir veittar:		
a. Sigurði bónda Sigurðssyni á Langholti í Hraungerðishreppi í Árnessýslu	kr. 140,00	
b. Georg bónda Jónssyni á Draghálsi í Borgarfjarðarsýslu	— 140,00	kr. 280,00
2. Eptirstöðvar í árslok 1901:		
a. Innritunarskírteini ltra A. fol. 84	— 8600,00	
b. Í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 1269,20	— 9869,20
		Samtals: kr. 10149,20

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík 2. janúar 1902.

Magnús Stephensen.